



Póra Þórisdóttir
Sigurður Magnússon
Austurgötu 47, 220 Hafnarfirði

Minjastofnun
Íslands

Reykjavík, 1. ágúst 2013
Tilvísun: xxxx

Erindi: Austurgata 47, Hafnarfirði

Í brefi 30. júlí 2013 leitar Pétur Örn Pétursson, f.h. húseigenda, álíts Minjastofnunar Íslands vegna fyrirspurnar um endurreisin vinnuhúss, gerð tengibygginga milli framhúss og bakhúss og fleiri breytingar á húsinu við Austurgötu 47, 200 Hafnarfirði.

Elsti hluti hússins við Austurgötu 47, timburhús - ein hæð og ris, er byggður 1917 samkvæmt Fasteignaskrá. Húsið stóð upphaflega innar á lóðinni. Árið 1929 var steypt ný jarðhæð með verslunargluggum fram við götuna. Var timburhúsinu lyft ofan á jarðhæðina og öðru húsi bætt þar við hliðina, með mænisstefnu þvert á fyrra húsið. Saman mynda þessir húshlutar eina heild í núverandi húsi. Fljótegla eftir stækkan og hækkun hússins var reist hús á baklóð og einlyft bygging, svonefnt vinnuhús, fram við götuna, til hliðar við aðalhúsið.

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er eigendum húsa sem byggð voru 1925 eða fyrr skylt að leita álíts Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja eða rífa. Húsið Austurgata 47 stendur á áberandi stað miðsvæðis í Hafnarfirði. Í hússaskráningu Byggðasafns Hafnarfjarðar frá 2008 er húsið talið vera mikilvæg tenging við götumynd Austurgötu, það eigi sér ríka byggingar- og menningarsögu og varðveislugildi þess sé nokkuð.

Sótt er um að endurbyggja vinnuhúsið í svipaðri stærð og hæð. Auk þess verður það tengt aðalhúsinu með einnar hæðar millibyggingu. Ofan á millibygginguna kemur lítil viðbygging við suðurhlíð gamla hússins þar sem verða dyr út á svalir á þaki vinnuhúss. Tillagan felur ekki í sér aðrar breytingar á elsta hluta hússins. Stækkan jarðhæðar í formi tengibygginga er lítt eða ekki sýnileg frá gótu og hefur hversfandi áhrif á heildarútlit hússins og stærðarhlutföll. Endurhönnun vinnuhússins tekur mið af mælikvarða og útlitseinkennum eldra hússins.

Að mati Minjastofnunar Íslands mun breytingin sem sótti er um ekki rýra minjagildi hússins Austurgötu 47. Áhersla er lögð ó að gera breytinguna sem minnst áberandi í umhverfinu og samræma hana sem best gamla húsimu. Ekki er gerð athugasemd við erindið.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Gunnþóra Guðmundsdóttir
arkitekt

P. Á. Ármansson
Pétur H. Ármansson
arkitekt

Afrit:
Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar